

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 25. október kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 748. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Lilja Grétarsdóttir, Margrét Þormar, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Birkir Ingibjartsson, Björn Ingi Edvardsson og Guðlaug Erna Jónsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Frakkastígsreitur 1.172.1, breyting á** (01.172.1) Mál nr. SN190397
deiliskipulagi Skjalnr. 7171
621097-2109 Zeppelin ehf, Skeifunni 19, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn Zeppelin ehf. dags. 26. júní 2019 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna lóðanna nr. 33, 35 og 37 við Laugaveg og 4 við Vatnsstíg. Í breytingunni felst að húsin á Laugavegi verði gerð upp í upprunalegri mynd, heimilað verði að rífa Laugaveg 33A, húsin við Laugaveg 35 verði hækkuð um eina hæð og timburhús lengt til austurs, heimilað verði að byggja á baklóð, gamalt timburhús verði flutt og nýlegt steinhús rífið og nýtt hús reist í staðinn, timburhúsið við Vatnsstíg 4 verði rífið og byggt nýtt hús í staðinn ásamt breytingum á lóðarstærðum samkvæmt uppdretti Zeppelin arkitekta ehf. dags. 28. júní 2019, lagfært 22. ágúst 2019. Einnig er lagt fram umboðsbréf og rökstuðning fyrir hóteli ásamt mæli- og hæðarblaði. Einnig er sótt er um breytingu á deiliskipulagi lóða númer 33, 35 og 37 við Laugaveg og Vatnsstíg 4. Gert er ráð fyrir að húsin á Laugavegi verð gerð upp, nema hvað heimilað verði að rífa Laugaveg 33a. Húsin á Laugvegi 35 verði hækkuð um eina hæð og timburhús lengt til vesturs. Einnig verði heimilað að byggja á baklóð. Gamalt timburhús á baklóð Laugavegs 37 verði flutt og nýlegt steinhús rífið. Í þeirra stað verði reist nýtt hús. Timburhúsið á Vatnsstíg verði rífið og nýtt byggt í þess stað. Gerðar verða breytingar á lóðastærðum. Einnig er lagt fram álit Minjastofnunnar dags. 9. ágúst 2019. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Önnu Sigríðar Jóhannsdóttur og Knúts Bruun dags. 24. október 2019 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti.
Samþykkt að framlengja athugasemdarfrest til 14. nóvember 2019, sbr. tölvupóst dags. 24. október 2019.
- Hverfisgata 65 og 67, breyting á** (01.153.2) Mál nr. SN160236
deiliskipulagi Skjalnr. 5180
450400-3510 VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram umsókn Richards Ólafs Briem, mótt. 17. mars 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðanna nr. 65 og 67 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf., dags. 28. júlí 2015 síðast br. 21. október 2019 og dags. 26. september 2019.

Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 31. maí 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. október 2019. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embættið, og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hverfisgötu 63, 64, 64a, 65a, 66a, 68a, 69, 70, Lindargötu 52, 54 og 56 og Frakkastíg 5.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

3. **Kalkofnsvegur 1, Seðlabankinn, (fsp)** (01.150.2) Mál nr. SN190455
Skjalnr. 5426
hækkun húss að hluta
560269-4129 Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar f.h. Seðlabanka Íslands dags. 25. júlí 2019 um hækkun hússins á lóð nr. 1 við Kalkofnsveg að hluta til um tvær hæðir, samkvæmt tillögu Arkþings ehf. ódags.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
4. **Starmýri 2, breyting á deiliskipulagi** (01.283.0) Mál nr. SN190437
Skjalnr. 7703
520716-0920 Starmýri 2A ehf., Viðarrima 33, 112 Reykjavík
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn PKdM Arkitekta ehf. dags. 18. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Starmýri. Í breytingunni felst að hækka hús nr. 2a um tvær hæðir frá núverandi ástandi og bæta við byggingarreit til vesturs fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi sem snýr að Álftamýri. Breytingin gerir ráð fyrir að á lóðinni verði heimild fyrir íbúðir, gistingu í flokki III, verslunar- og þjónustustarfsemi og aðra atvinnustarfsemi sem samræmast notkunarskilgreiningum í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Auk þess er gert ráð fyrir breytingum á lóð og nýjum bílastæðaskilmálum í samræmi við áherslur Aðalskipulags, samkvæmt uppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 12. september 2019.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.
5. **Stórhöfði 31, (fsp) gera bílakjallara í stað** (04.084.8) Mál nr. SN190475
Skjalnr. 5492
bílastæða
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvégi 152, 104 Reykjavík
521102-2840 Húsfélagið Stórhöfða 31, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. dags. 15. ágúst 2019 um að gera bílakjallara á vesturenda lóðarinnar nr. 31 við Stórhöfða í stað bílastæðis, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 1. september 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. október 2019.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

6. **Hamrahlíð 17, breyting á deiliskipulagi** (01.714.1) Mál nr. SN190406
Skjalnr. 5398

420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
470169-2149 Blindrafélagið, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn ASK Arkitekta ehf. dags 1. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Stakkahlíð á lóðinni nr 17 við Hamrahlíð. Í breytingunni felst að byggja inndregna hæð ofan á húsið, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. 1. júlí 2019. Tillagan var auglýst frá 10. september 2019 til og með 22. október 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Lovísa Fjeldsted, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Hansson og Guðrún Þóra Kristjánsdóttir íbúar og eigendur Blönduhlíðar 35 dags. 11. október 2019, stjórn húsfélagsins Bogahlíð 20-22 f.h. íbúa og eigenda Bogahlíðar 20-22 dags. 14. október 2019, Lárus Þór Jónsson, Ólafur Már Lárusson, Sigríður María Lárusdóttir, Lilja Björk Jónsdóttir, Ragnheiður Gunnarsdóttir dags. 16. október 2019, Vilborg St. Sigurjónsdóttir f.h. íbúa og eigenda að Drápuhlíð 48 dags. 21. október 2019, Selma Dögg Víglundsóttir, Ólafur Ólafsson, Sigríður K Yngvadóttir, Birna Halldórsdóttir, Geirmundur Hauksson og Elín Jónsdóttir fh. Stjórnar húsfélagsins Bogahlíð 12-18 dags. 21. október 2019 og Lovísa Fjeldsted dags. 22. október 2019 og Lilja Margrét Olsen f.h. Sigrúnar Hermannsdóttur dags. 23. október 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

7. **Miðtún 2, (fsp) stækkun húss og bílskúrs** Mál nr. SN190613
Skjalnr. 7885

Hallsteinn S Gestsson, Miðtún 46, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2019 var lögð fram fyrirspurn Hallsteins S Gestssonar dags. 15. október 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 2 við Miðtún sem felst í því að byggja rishæð og viðbyggingu við kjallara og hæð hússins ásamt stækkun bílskúrs um 4 metra til vesturs. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. október 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. október 2019 samþykkt.

8. **Salthamrar 1, breyting á deiliskipulagi** (02.293.2) Mál nr. SN190514
Skjalnr. 14167

Ingólfur Freyr Guðmundsson, Helgamagrastræti 34, 600 Akureyri
Ragnar Þór Ragnarsson, Salthamrar 1, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. september 2019 var lögð fram umsókn Ingólfs Freys Guðmundssonar dags. 30. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Salthamra. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit lóðarinnar til að koma fyrir viðbyggingu á suðausturhorni hússins, samkvæmt uppdr. Kollgátu dags. 23. maí 2019. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Salthömrum 2, 3, 5, 7 og 12.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., og 12. gr. sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

9. **Baldursgata 10, Ofanábygging og svalir** (01.186.107) Mál nr. BN056581
Skjalnr. 6404

Hjálmar Sveinsson, Baldursgata 10, 101 Reykjavík
Ósk Vilhjálmsdóttir, Baldursgata 10, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hæð úr timbri, klædda bárujárni, ofan á núverandi hús á lóð nr. 10 við Baldursgötu. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Erindi fylgir afrit í A4 af eldri samþykktum teikningum. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. september 2019.

Stækkun: 98,6 ferm., 250,7 rúmm. Gjald kr. 11.200

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Nönnugötu 4, Baldursgötu 12, 9, 7a og Urðarstíg 2 og 4.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

10. **Laugarásvegur 40, Svalir, opnanleg fög, síkka glugga o.fl.** (01.385.002) Mál nr. BN056655
Skjalnr. 14108

550218-1430 BBG ehf., Stórholti 47, 105 Reykjavík

110655-5099 Ari Garðar Georgsson, Bandaríkin, 050660-2069 Benedikta Helga Gísladóttir, Bandaríkin, Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að setja opnanleg fög í valda glugga, setja nýjar svalir og síkka glugga á suðvesturhlið sem og breyta innra skipulagi beggja hæða í húsi á lóð nr. 40 við Laugarásveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Sunnuvegi 1 og 3 og Laugarásvegi 42.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

11. **Breiðholt 1, breyting á deiliskipulagi** (04.6) Mál nr. SN190641
Skjalnr. 7893

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1. Í breytingunni felst að færa núverandi grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núverandi snúningshaus við Leirubakka, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 24. september 2019. Gert ráð fyrir að framlengja gangstétt við núverandi bílastæði að grenndarstöðinni og staðsetja upplýsingaskilti.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

(01.19)

Mál nr. SN190644
Skjalnr. 9233

12. **Skólavörðuholt, breyting á deiliskipulagi**

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds um breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts. Í breytingunni felst að fjögur bílastæði við austurenda Hallgrímskirkju verði breytt í grenndarstöð, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 24. september 2019. Gert ráð fyrir upplýsingaskilti varðandi grenndarstöðina verði við Eiríksgötu.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018

13. **Teigahverfi, breyting á deiliskipulagi** (01.360) Mál nr. SN190643
Skjalnr. 7911
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis. Í breytingunni felst að hluti af núverandi gangstétt samsíða Sigtúni verði breytt í grenndarstöð og að núverandi gangstétt verði færð fyrir sunnan við hana, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 24. september 2019. Gert ráð fyrir upplýsingaskilti varðandi grenndarstöðina verði við stöðina.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018
14. **Túngötureitur, breyting á deiliskipulagi** (01.137.4) Mál nr. SN190640
Skjalnr. 11991
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Túngötureits. Í breytingunni felst að tvö bílastæði á horni Bræðraborgarstígs og Túngötu verði breytt í grenndargámastöð, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 24. september 2019. Gert ráð fyrir upplýsingaskilti varðandi grenndarstöðina verði við Túngötu.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018
15. **Bæjarháls 1, Breytingar á dælu og spennistöð mhl. 07** (04.309.601) Mál nr. BN056729
Skjalnr. 5953
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta dælu- og spennistöð mhl.07 þannig að þak er fjarlægð að hluta og hækkað um 1,6 m með stálgrind sem klædd verður með samlokueiningum á húsi nr. 1 við Bæjarháls.
Erindi fylgir hæðablað dags. desember 2000, mæliblað dags. 17. nóvember 2005 og ódagsett samþykki meðeigenda. Stækkun: 125,4 ferm., 320,7 rúmm. Heildarstærð eftir stækkun: 255,6 ferm., 1.062,4 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Gufunes, Skemmtigarður, breyting á deiliskipulagi** (02.2) Mál nr. SN190311
Skjalnr. 7808
650602-4470 Fjörefli ehf., Pósthólf 10230, 130 Reykjavík
581298-2269 Landark ehf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Fjöreflis ehf. dags. 17. maí 2019 ásamt greinargerð verkfræðistofunnar Efla dags. 20. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufunes. Í breytingunni felst m.a. að byggingareitir eru stækkaðir umtalsvert innan afnotasvæðis, gólfkóti bygginga hækkaður um 2 m, úr 19 í 21 m. Byggingarmagn aukið um 1650 fm. og bráðabirgðareitur sameinaður nýjum byggingareit og heimilt er að vera með allt að 25 smáhýsi á afnotasvæðinu, hámarksstærð að grunnfleti 45 fm hvert hús, hámarkshæð í mæni húss 5,5 m frá gólfkóta o.fl. Sjá nánar uppdrætti verkfræðistofunnar Efla dags. 20. maí 2019. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar dags. 4. júní 2019. Tillagan var auglýst frá 10. september 2019 til og með 22. október 2019. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
17. **Hrafnhólar, Gróðurhús** (00.032.000) Mál nr. BN056410
Skjalnr. 12936

621208-1790 Monóna ehf., Þingholtsstræti 16, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að reisa tvö gróðurhús, hvort um sig um 2500 ferm að stærð ætluð til skógræktar og er staðsetning þeirra byggð á jarðvegskönnun og veðurmælingum á jörðinni Hrafnhólar á Kjalarnesi, samkvæmt uppdráttum VA arkitekta ehf. dags. 25. júní 2019. Einnig er lagt fram bréf Salvarar Jónsdóttur f.h. eigenda Hrafnhóla dags. 11. júlí 2019 ásamt uppdrætti/afstöðumynd VA arkitekta ehf. dags. 25. júní 2019 br. 11. júlí 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 5. september 2019 til og með 3. október 2019. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Inga Rut Jónsdóttir dags. 1. október 2019. Einnig er lögð fram umsögn Mosfellsbæjar dags. 16. september 2019. Erindinu var vísað til vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dag. 22. október 2019.

Erindi fylgir minnisblað Veðurvaktarinnar dags. 24. júní 2019. Gjald kr. 11.200

Umsögn samþykkt, dags. 22. október 2019 með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

18. **Kjalarnes, Melavellir, (fsp) breyting á** Mál nr. SN190609
deiliskipulagi Skjalnr. 10199
471103-2330 Matfugl ehf., Völuteigi 2, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Matfugls ehf. dags. 9. október 2019 um breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Melavellir á Kjalarnesi sem felst í að fjölga húsum fyrir alifuglaræktun um fjögur.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Lágholtsvegur 15, (fsp) stækkun húss** (01.52) Mál nr. SN190623
Skjalnr. 13199
Svanlaug Rós Ásgeirsdóttir, Lágholtsvegur 15, 107 Reykjavík
581298-3589 Kristinn Ragnarsson, arkit ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn Svanlaugar Rósar Ásgeirsdóttur og Xaviers Rodriguez Gallego dags. 14. október 2019 varðandi stækkun hússins á lóð nr. 15 við Lágholtsveg, samkvæmt uppdr. Kristins Ragnarssonar arkitekts dags. 1. september 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Lofnarbrunnur 1-7, breyting á** (05.055.4) Mál nr. SN190647
deiliskipulagi Skjalnr. 12248
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 1-7 við Lofnarbrunn. Í breytingunni felst annars vegar skýrari framsetning á heimildum á staðsetningu bílastæða á lóð og hins vegar eru skilmálar og ákvæði um byggingarmagn skýrð nánar, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 24. október 2019.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Nönnubrunni 2-8, Sifjarbrunni 26 og Lofnarbrunni 18-24, 30, 32-34 og 36-38.
21. **Bústaðavegur/Kringlumýrarbraut,** Mál nr. SN190432
framkvæmdaleyfi Skjalnr. 12021
680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 15. júlí 2019 um framkvæmdaleyfi vegna m.a. gerðs fráreinar í akstursstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrarbraut ásamt breytingu á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og setja ný umferðarljós á rampann. Einnig er lagt fram teikningarsett Hnit verkfræðistofu dags. 10. júlí 2019, Hljóðvistarskýrsla dags. 24. október 2019, minnisblað um Hljóðvistarútreikninga við Bústaðavegdags. 25. október 2019 og Hljóðkort eftir breytingar við Bústaðaveg dags. 25. október 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Beykihlíð 7,9,11,13,15,17,19, 21,23,25,27,29,31,33

Birkihlíð 8,10,12,14,16,18,20,22,24,26,28,30,32,34,36,38,40,42,44,46,48

22. **Lautarvegur, Háaleitisbraut,** Mál nr. SN190612
framkvæmdaleyfi Skjalnr.

681206-0510 Stéttafélagið ehf., Breiðhelli 12, 221 Hafnarfjörður

Lögð fram umsókn Stéttafélagsins ehf. dags. 14. október 2019 varðandi framkvæmdaleyfi við Lautaveg og Háaleitisbraut sem felst í yfirborðsfrágangi stíga, samkvæmt teikningasetti Eflu dags. 5. september 2019. Einnig eru lagðir fram almennir skilmálar og verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. í september 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

23. **Funafold 42, breyting á deiliskipulagi** (02.860.5) Mál nr. SN190581
Skjalnr. 9328

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. september 2019 var lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 42 við Funafold. Í breytingunni felst að stækka núverandi leikskóla í Funafold og gera þar 6 deilda leikskóla auk einnar leikskóladeildar, stækka lóð leikskólans, fjölga bílastæðum, færa aðkomu að leikskólanum og færa til norðurs hjólastíg fyrir ofan núverandi lóðamörk, samkvæmt uppd. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 24. september 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.

24. **Kaplaskjólsvetur 27-35, 35 - Áður gerður** (01.525.005) Mál nr. BN056464
sólskáli - svalir Skjalnr. 8361

Ólafur Teitur Guðnason, Kaplaskjólsvetur 35, 107 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum sólskála og leyfi til þess að útbúa svalir ofan á þak skálans sem stendur við suðurhlíð mhl. 06, raðhúss nr. 35 á lóð nr. 27-35 við Kaplaskjólsvetur. Erindi var grenndarkynnt frá 13. september 2019 til og með 11. október 2019. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Ingunn Björk Jónsdóttir dags. 6. október 2019. Erindinu var vísað til vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. október 2019. Erindi fylgir samþykki meðeigenda raðhúss nr. 33 og 33A dags. 27. júní 2019. Gjald kr. 11.200

Umsögn dags. 25. október 2019, samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

25. **Mávahlíð 7, (fsp) uppbygging á lóð** (01.702.1) Mál nr. SN190587
Skjalnr. 14189

Jón Finnbogason, Mávahlíð 7, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Jóns Finnbogasonar dags. 1. október 2019 um uppbyggingu á lóð nr. 7 við Mávahlíð. Einnig er lagt fram bréf Veitna dags. 7. apríl 2017 ásamt lagnateikningum dags. 1. október 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

26. **Seljavegur 7, Svalir** (01.133.214) Mál nr. BN056369
Skjalnr.

Kjartan Darri Kristjánsson, Seljavegur 7, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 var lagt er fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa dags. 25. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera léttar stálvalir á aðra hæð húss á lóð nr. 7 við Seljaveg, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 17. september 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. júní 2019. Gjald kr. 11.200

EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

Björn Axelsson

Helena Stefánsdóttir